

Umhverfisstofnun

Sent á netfangið ust@ust.is


Stykkishólmi, 1. desember 2020

## Umsögn Samtaka náttúrustofa (SNS) um áform um friðlýsingu Gerpissvæðisins í Fjarðabyggð

Samtök náttúrustofa fagna framkomnum áformum um friðlýsingu Gerpissvæðisins. Lengi hafa verið uppi hugmyndir um friðlýsingu svæðisins, einkum sem búsvæði sjaldgæfra æðplöntutegunda. Við fögnum því að markmið með friðlýsingu hafi verið útvíkkað þannig að það taki til jarðminja, fuglalífs, búsetuminja og landslags. Þá fögnum við því að eldri hugmyndir um svæðisafmörkun út í sjó í eyðifjörðum í Hellisfirði og Viðfirði séu lagðar til á ný. Það er mikilvægt bæði vegna kóralþörungna sem þar eru og ásóknar undanfarið í að hefja fiskeldi í fjörðum eystra. Einnig er fagnaðarefni að friðlýsingin taki til Seleyjar sem alþjóðlega mikilvægrar fuglabyggðar.

Við teljum ástæðu til þess að skoða hvort ekki megi bæta við víðerni sem einni forsendu friðunar til viðbótar. Víðerni er skilgreint í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og er nátengt upplifun fólks af einstökum svæðum. Í rannsókn Rannveigar Ólafsdóttur o.fl.<sup>1</sup> sem unnin var fyrir faghóp tvö í þriðja áfanga rammaáætlunar kom fram að gildi víðerna í hugum fólks felst í tækifærinu til að geta upplifað kyrrð og ró og notið náttúrunnar. Gerð var úttekt á því hvar fólk upplifir víðerni og af þeim svæðum á Austurlandi sem almenningur hefur heimsótt er Gerpissvæðið það svæði sem fólk upplifir hvað mesta víðernið. Það eru sannarlega verðmæti sem ber að vernda.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa,



---

Róbert A. Stefánsson, formaður

---

<sup>1</sup> Rannveig Ólafsdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Helgi Guðmundsson, Johathan Huck, Micael Runnström. 2016. Viðhorf og upplifun Íslendinga á víðernum, óbyggðum og miðhálandi Íslands. Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands.